

# Lög

## um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga).

---

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

- a. Orðin „að fengnu skriflegu samþykki umsækjanda“ í 3. mgr. falla brott.
- b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Sjúkratryggingastofnuninni ber að upplýsa umsækjanda um fyrirhugaða upplýsingaöflun skv. 3. mgr. í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sbr. 14. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 4. júní 2019.*